



Reykjavíkurborg

## Reglur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs um styrkveitingar

### 1. gr.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð Reykjavíkurborgar veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu. Styrkirnir eru veittir í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um styrki og fjárveitingu sem ráðið ákveður í samræmi við fjárhagsramma sinn.

### 2. gr.

Markmiðið með styrkjum ráðsins er að styðja við hvers kyns sjálfsprottið starf á sviði mannréttinda, og ofbeldisvarna, sem stuðlar að farsælli þróun borgarsamfélagsins, jafnræði borgarbúa, og fjölbreytilegu mannlífi. Að sama skapi að styðja við hvers konar starf sem vekur athygli á eða stendur vörð um grundvallarréttindi borgarbúa. Styrkþegar geta verið frjáls félagasamtök, stofnanir og einstaklingar.

### 3. gr.

Styrkjum ráðsins er úthlutað einu sinni á ári og skal auglýst eftir almennum styrkumsóknum í september ár hvert. Úthlutun styrkja skal vera lokið innan þriggja mánaða frá auglýsingu.

### 4. gr.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð úthlutar jafnframt ár hvert mannréttindaverðlaunum Reykjavíkurborgar og er sú upphæð allt að 5% af styrkjafé ráðsins. Nánar er kveðið á um þá úthlutun í sérstökum vinnureglum um mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar.

### 5. gr.

Við styrkveitingar skal miða við að umsóknir falli undir eftirtalin skilyrði:

- a. Að verkefni, starfsemi eða viðburðir falli að markmiðum styrkja mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs, sbr. 2. gr. þessara reglna.
- b. Að verkefni, starfsemi eða viðburðir falli að öðru leyti að markmiðum stefnumótunar Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og ofbeldisvarnarmálum.
- c. Að verkefni eða starfsemi falli ekki undir hefðbundinn rekstur, s.s. laun starfsfólks, daglegan rekstur skrifstofu eða húsnæðis.
- d. Að umsóknir uppfylli kröfur settar fram í almennum styrkjareglum Reykjavíkurborgar.

### 6. gr.

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá mannréttinda- og ofbeldisvarnaráði skulu láta þess getið við kynningu á þeim verkefnum, starfsemi eða viðburði sem hefur hlotið styrk. Á sama hátt



Reykjavíkurborg

skulu styrkþegar láta styrksins getið í hvers kyns útgáfu í tengslum við viðkomandi verkefni, starfsemi eða viðburð.

#### **7. gr.**

Styrkþegar skulu skila greinargerð til mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs innan árs frá því að styrkur var veittur þar sem greint er frá því hvernig styrkfé hefur verið varið. Félagasamtök eða stofnanir sem fá yfir eina milljón króna í styrki skulu skila til mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs árituðum ársreikningi fyrir það starfsár sem styrkurinn var veittur ásamt endanlegu fjárhagsuppgjöri þess verkefnis sem styrkt var. Einstaklingar sem fá yfir eina milljón króna í styrki skulu skila endanlegu fjárhagsuppgjöri að verkefni loknu. Styrkþegum er skylt að skrifa undir samning við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu áður en styrkur er greiddur. Styrkir yfir eina milljón skulu greiddast í tvennu lagi, við upphaf verkefnis og við verklok.

#### **8. gr.**

Styrkþegar skulu vera reiðubúnir til að flytja einn fyrirlestur eða kynningu á því verkefni sem styrkt er á málþingi eða ráðstefnu sem mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð boðar til, án sérstakrar þóknunar af því tilefni.

#### **9. gr.**

Styrkumsóknir eru lagðar fyrir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð til afgreiðslu ásamt umsögn mannréttinda- lýðræðisskrifstofu þar sem lagt er faglegt mat á hvernig skilyrði til styrkveitinga eru uppfyllt skv. 5. grein þessara reglna. Að öðru leyti fer meðferð og afgreiðsla umsókna eftir almennum reglum um styrkjastefnu Reykjavíkurborgar sem borgarráð samþykkir.

**Samþykkt á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs 10. nóvember 2022.**